Lindaskóli
Vinátta – Virðing - Viska

Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2016-2017

Sjálfsmatsteymi Lindaskóla
15. janúar 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur 5
2. Sjálfsmatsteymi 5
3. Aðferðir og framkvæmd sjálfsmats Lindaskóla 6
4. Umbótavinna skólaárið 2016-2017 7
5. Niðurstöður Skólapúlsins 2016-2017 9
5.1 Nemendakönnun 10
5.2 Foreldrakönnun 12
6. Niðurstöður úr öðrum könnunum 14
6.1 Haustfundir 14
6.2 Teymiskennsla 15
7. Umbótaáætlun 16
7.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti 17
7.2 Nám og kennsla 19
7.3 Foreldrasamstarf 20
7.4 Tómstundaþjónusta / frístundaheimili 21
Lokaorð 22
Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2016-2017. Helstu niðurstöður 25
1. Virkni nemenda í skólanum 25
2. Líðan og heilsa 25
3. Skóla- og bekkjarandi 26
4. Opin svör 27
Fylgiskjal 2. Foreldrakönnun 2016-2017. Helstu niðurstöður 29
1. Nám og kennsla 29
2. Velferð nemenda 29
3. Aðstaða og þjónusta 30
4. Foreldrasamstarf 31
5. Heimastuðningur 32
Fylgiskjal 3. Könnun um haustfundi Lindaskóla 35
Fylgiskjal 5. Könnun um teymiskennslu í Lindaskóla – Kennarar 45
Fylgiskjal 6: Umbótaáætlun Lindaskóla skólaárið 2017-2018 49

Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti..... 49
Nám og kennsla - heimanám..... 51
Foreldrasamstarf 52

1. Inngangur

Lindaskóli tók til starfa 1. september 1997 og er því að hefja sitt 21 starfsár. Lindaskóli stendur við Núpalind og er staðsettur í miðju skólahverfinu. Hann er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. - 10. bekk. Haustið 2017 eru 483 nemendur í skólanum og um 70 starfsmenn. Nánari upplýsingar um skólann er að finna í *Sjálfsmatsáætlun Lindaskóla 2015-2018* og í Starfsáætlun Lindaskóla 2017-18 sem er að finna á heimasíðu skólans undir flipanum Handbók.

Í þessari sjálfsmatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeirri sjálfsmatsvinnu sem fram fór í Lindaskóla á skólaárinu 2016-2017.

2. Sjálfsmatsteymi

Sjálfsmatsteymi Lindaskóla er skipað fimm starfsmönnum skólans. Skólaárið 2016-2017 voru eftirfarandi starfsmenn í teyminu og eru einnig í teyminu skólaárið 2017-2018:

Auðbjörg Njálsdóttir, umsjónarkennari
Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri
Ragnheiður Líney Pálsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari
Þórhalla Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Helstu verkefni teymisins skólaárið 2016-17 voru eftirfarandi:

- Lokið við eftirfarandi skýrslu: Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2015-2016
- Foreldrakönnun um haustfundi skólans, september 2016
- Nemendakannanir Skólapúlsins skólaárið 2016-17, október, nóvember, febrúar, mars og apríl
- Foreldrakönnun Skólapúlsins, febrúar 2017

- Foreldra- og starfsmannakönnun um teymiskennsluna í Lindaskóla, apríl 2017
- Kaffihúsafundur starfsmanna, maí 2017 – drög að umbótaáætlun
- Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017 skrifuð með umbótaáætlun, lokið í janúar 2018

Teymið var með marga sameiginlega vinnufundi þetta skólaár og skipti með sér ákveðnum verkum. Hilmar var teymisstjóri og sá um ritstjórn á sjálfsmatsskýrslum, Hilmar og Ragnheiður héldu utan um fyrirlagnir Skólapúlsins, Sigríður Dóra sá um prófarkalestur og Þórhalla hélt utan um líðan og tengslakannanir. Allir tóku þátt í ritstörfum.

3. Aðferðir og framkvæmd sjálfsmats Lindaskóla

Lindaskóli styðst við ýmis matstæki til að meta innra starf skólans. Fyrst má nefna Skólapúlsinn sem er veflægt sjálfsmatskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn svara spurningalista á netinu um flest alla þætti skólastarfsins. Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda í námi er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið, svokallað símat. Auk þess eru sérstakir námsmatsdagar á skólaárinu í febrúar og maí. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, s.s. í lestri og stafsetningu og sérstakar kannanir eru lagðar fyrir nemendur um líðan og samskipti. Auk þessa eru ýmsir utanaðkomandi aðilar sem meta skólastarf, s.s. Námsmatsstofnun með samræmdum könnunarprófum, OECD sem leggur fram Pisa könnunina og Rannsóknarmiðstöðin Rannsókn og greining sem sérhæfir sig í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks bæði á Íslandi og erlendis.

Sjálfsmat Lindaskóla byggir að mestu á Skólapúlsinum. Spurningar eru þá lagðar fyrir nemendur í 6. – 10. bekk, foreldra og starfsmenn. Í Lindaskóla er nemendakönnun lögð fyrir á hverju skólaári þar sem allir nemendur í 6. – 10. bekk svara spurningum einu sinni yfir skólaárið. Foreldrakönnun og starfsmannakönnun er síðan lögð fyrir annað hvert ár og var gerð könnun meðal foreldra skólaárið 2016-2017. Einnig var lögð fyrir foreldra könnun um haustfundi skólans og könnun um teymiskennslu skólans meðal foreldra og kennara.

4. Umbótavinna skólaárið 2016-2017

Hér verður gerð grein fyrir helstu umbótavinnu skólaársins 2016-17 vegna kannana sem lagðar voru fyrir skólaárið 2015-16.

Áreitni/einelti meðal nemenda og starfsfólks:

Í Lindaskóla er lögð áhersla á jákvæð samskipti og sú vinna gekk ágætlega skólaárið 2016-17. Áreitni eða einelti er aldrei ásættanlegt og því var unnið með þessa þætti eins og við gerum á hverju ári þó svo að staðan í Lindaskóla sé talsvert betri en landsmeðaltal.

Starfsmenn voru hvattir til að leita til stjórnenda eða trúnaðarmanna ef þeir upplifðu einhverskonar áreitni eða einelti frá samstarfsfólki, nemendum eða foreldrum. Til að stoppa þessa óæskilegu hegðun er mikilvægt að ræða hana við einhvern sem maður treystir þannig að hægt sé að taka á henni strax. Mikil áhersla er lögð á samábyrgð allra starfsmanna.

Tíðni eineltis meðal nemenda hefur verið mun lægri í Lindaskóla miðað við landið allt. En eitt tilfelli er einu of mikið.

Það er orðinn fastur liður á haustin að kynna eineltisáætlun skólans fyrir öllum starfsmönnum og forráðamönnum nemenda. Það var gert á starfsmannafundi og á árlegum haustfundum fyrir forráðamenn. Eineltisáætlunin er á heimasíðu skólans og þar er að finna skilgreiningu á hugtakinu einelti. Það er mikilvægt að sami skilningur sé á hugtakinu einelti meðal nemenda, foreldra og starfsmanna. Árleg vinaganga leik- og grunnskólanna í Lindahverfi var 8. nóvember og voru kennarar hvattir til að vinna sérstaklega með vináttu og jákvæð samskipti dagana fyrir gönguna.

Starfsánægja, starfsandi, álag og jafnvægi milli starfs og einkalífs (ánægja með kennarastarfið)**:**

Starfsánægja í Lindaskóla skólaárið 2015-16 var ekki eins mikil og hún hafði verið árið áður og mældist rétt fyrir neðan landsmeðaltal. Starfsandinn mældist hins vegar talsvert fyrir ofan landsmeðaltal. Vinnuaðstaða, samræming milli starfs og einkalífs og

álag mældist nokkuð fyrir neðan landsmeðaltal og þar þurfti sérstaklega að bregðast við.

Til að efla starfsánægju og starfsandann í skólanum var lögð áhersla á að allir starfsmenn þyrftu að leggja til málanna og vera samábyrgir. Starfsmenn voru hvattir til að hrósa hverjir öðrum og standa saman og taka vel á móti nýju starfsfólki.
Ýmislegt var gert til að efla starfsánægjuna, starfsandann og að minnka vinnuálag. Má þar nefna að á tímabili var starfsmönnum boðið upp á ávexti án endurgjalds og starfsmannafélagið STAFLI stóð fyrir svokölluðum ,,gestakokkum“ þar sem ákveðnir starfsmenn elduðu mat fyrir hópinn nokkrum sinnum yfir veturinn og borguðu starfsmenn hráefnið. Einnig skipulagði STAFLI veitingar á skipulagsdögum þar sem starfsmannahópnum var skipt í hópa þar sem hver þeirra kom með veitingar á hlaðborð einu sinni yfir veturinn. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og eru gestakokkarnir og skipulagsdagahlaðborðin einnig þetta skólaár og áfram er bryddað upp á nýjungum í starfsmannaeldhúsinu.

Til að minnka álag í starfi kennara var fundarseta minnkuð og gefinn meiri tími til annarra faglegra starfa. Einnig var nefndum og ráðum fækkað og gætt að því að hver kennari væri aðeins í einni nefnd og þar með dregið meðvitað úr vinnuálagi þeirra.
Viðvera kennara var einnig stytt á föstudögum þannig að nú er þeim frjálst að fara kl. 14:00 þann dag.
Þetta skólaár var einnig unnið að bókun 1 í núverandi kjarasamningi þar sem farið var yfir framkvæmd samningsins. Þessi vinna fór fram í öllum grunnskólum landsins. Markmið vinnunnar var að bæta framkvæmd samningsins þar sem þörf er á og ná sátt um starfsumhverfið. Vonandi skilar þessi vinna sér inn í næstu kjarasamninga, bæti starfsumhverfið og stuðli þannig að aukinni starfsánægju kennara.

Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunarörðugleika:
Skólastjórnendur hafa skoðað hvort hægt er að veita meiri stuðning við kennara vegna námserfiðleika nemenda. Skólanum er úthlutað ákveðið fjarmagn til þessara verkefna og því er þetta fyrst og fremst spurning um það hvernig það nýtist best fyrir þessa

þjónustu. Nú eru fjórir sérkennarar sem sinna námsstuðningi við nemendur, einn þroskaþjálfi og þrír stuðningsfulltrúar. Auk þess eru settir tímar til almennra kennara í stuðning. Í teymiskennsluárganga hafa verið settir viðbótartímar inn í teymin þannig að hægt sé að hafa minni nemendahópa til að auðveldara sé að koma til móts við hvern og einn nemanda.

Varðandi stuðning við kennara vegna hegðunarörðuleika nemenda hefur skólinn boðið kennurum á yngsta stigi upp á námskeið í ART. Á því námskeiði læra kennarar aðferðir sem geta hjálpað nemendum varðandi félagsfærni, sjálfstjórn, siðferðisþroska og bætt samskipti. Á síðasta skólaári var einnig sett upp fjögurra manna teymi sem í eru tveir skólastjórnendur, kennari og annar starfsmaður. Teymið hefur það hlutverk að vera til staðar fyrir kennara ef nemandi missir stjórn á sér. Þá er hægt að kalla á teymið eða hluta af því til að sinna viðkomandi nemanda þannig að kennarinn getur haldið áfram að sinna hópnum sínum.

Til að efla faglegan stuðning skólastjórnenda við kennara hafa stjórnendur kynnt fyrir þeim að þeir hyggjast koma oftar í kennslustofur til að fylgjast með kennslu. Markmið þeirra heimsókna er að veita kennurum meiri faglegan stuðning, ræða markmið námsins, hvað gengur vel og hvað má bæta.

5. Niðurstöður Skólapúlsins 2016-2017

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr sjálfsmati Lindaskóla skólaárið 2016-2017 sem fram fór í gegnum Skólapúlsinn. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur og foreldra og má sjá yfirlit yfir niðurstöðurnar í fylgiskjölum (Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2016-2017, bls. 25 og Fylgiskjal 2. Foreldrakönnun 2016-2017, bls. 29). Heildarniðurstöður úr spurningakönnunum Skólapúlsins eru á heimasíðu skólans.

Skólapúlsinn birtir niðurstöður á mælikvarðanum 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni í skólanum. Normaldreifðar niðurstöður eru byggðar upp með því að laga

dreifingu stiga að normaldreifingu. Kostir þess eru stöðugleiki og einfaldleiki og túlkunin byggir á traustum grunni. Meðaltöl og staðalfrávik (meðaltalsfrávik frá meðaltali) verða þannig alltaf þau sömu á landsvísu. Normaldreifing gerir samanburð á milli tiltekins skóla og landsins mögulegan og gefur samanburðinum merkingu.

Yfirlit yfir niðurstöður Lindaskóla í könnunum Skólapúlsins eru að finna í fylgiskjölum 1 og 2 eins og áður hefur komið fram. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla telst meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, en munur upp á 1,0 stig telst töluverður og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur.
Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 95% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og með **bláum stöfum.** Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 95% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Nú verður fjallað um þær niðurstöður sem sýna styrkleika og veikleika skólans. Sérstaklega verður sagt frá þeim niðurstöðum þar sem Lindaskóli er marktækt frábrugðinn viðmiðunarhópnum og eru þá niðurstöðurnar stjörnumerktar.

5.1 Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk mánaðarlega frá október fram í apríl. Það er ánægjulegt að segja frá því að niðurstöðurnar komu vel út. Í öllum þáttum náðum við þeim viðmiðum sem við settum okkur, þ.e. að vera jafnir landsmeðaltali eða yfir. Því var ekki þörf á að setja neina þætti úr nemendakönnuninni inn í umbótaáætlun að þessu sinni. Hins vegar er aldrei hægt að samþykkja einelti og því er vinna með jákvæð samskipti alltaf sett inn í umbótaáætlun skólans. Þættir sem snúa að könnuninni er skipt upp í þrjá hluta og verður hér gerð grein fyrir þeim.

1. Virkni nemenda í skólanum

Hér var niðurstaða skólans mjög góð. Ánægja af lestri 4,8 (landið 4,9), þrautseigja í námi 5,7* (landið 5,1), áhugi á stærðfræði 5,6* (landið 5,2), ánægja af náttúrufræði 5,8* (landsmeðaltal 5,0), trú á eigin vinnubrögð í námi 5,5* (landið 5,1) og trú á eigin námsgetu 5,4* (landið 5,0). Í fimm þáttum af sex er niðurstaða Lindaskóla marktækt betri en á landinu öllu og er ánægja nemenda af náttúrufræði mest. Á þessum niðurstöðum sést að nemendur Lindaskóla eru nokkuð virkir í skólastarfinu.

2. Líðan og heilsa

Í þessum hluta var niðurstaðan einnig nokkuð góð og niðurstaðan oftast yfir landsmeðaltali. Sjálfsálit 5,2 (landið 5,0), stjórn á eigin lífi 4,9 (landið 4,9), vellíðan 5,1 (landið 4,9) og hollt mataræði 5,2* (landið 4,8). Einelti mælist eins í Lindaskóla og á landinu öllu eða 5,2. Í Lindaskóla er stöðugt verið að vinna með jákvæð samskipti nemenda. Tíðni eineltis í Lindaskóla er 8,2% en landsmeðaltalið er 11,7% sem þýðir að tíðni eineltis er minni hjá okkur en að meðaltali á landinu. Nemendur voru spurðir hversu oft undanfarna 30 daga þeir hafi verið lagðir í einelti í skólanum. Hér gildir það sama og varðar fyrri spurninguna að einelti er aldrei liðið og því nauðsynlegt að bregðast við.

Tíðni hreyfingar, tvisvar í viku eða oftar mælist marktækt minni hjá nemendum í Lindaskóla en á landinu eða 32,8%* en landið 41,7%. Þegar undirspurningarnar eru skoðaðar kemur í ljós að þátttaka í íþróttum og líkamsþjálfun fyrir utan leikfimitíma er marktækt meiri hjá nemendum í Lindaskóla en landsmeðaltalið er og einnig stunda nemendur Lindaskóla íþróttir með íþróttafélagi marktækt meira en að meðaltali á landinu. Hins vegar er einn þáttur sem dregur Lindaskóla niður en það er tíðni leikfimistíma á viku í skólanum. Helsta ástæðan er sú að nemendur í 8.-10. bekk í Lindaskóla eru einu sinni í viku, tvo tíma í senn, í íþróttum á meðan margir aðrir skólar eru með íþróttatímana tvisvar sinnum í viku, einn tíma í senn. Það er því plássleysi í íþróttahúsi Lindaskóla sem lækkar tíðni hreyfingar niður hjá nemendum Lindaskóla en unglingarnir sækja íþróttir í íþróttahúsið Smárann. Lindaskóli uppfyllir hins vegar íþróttatímamagn samkvæmt viðmiðunarstundaskrá og því þykir ekki ástæða til að bregðast við heildarniðurstöðunni.

3. Skóla- og bekkjarandi

Niðurstaðan var einnig mjög góð í þessum hluta. Samsömun við nemendahópinn 5,2 (landið 5,1), samband nemenda við kennara 5,8* (landið 5,1), agi í tímum 5,6* (landið 5,1), virk þátttaka nemenda í tímum 6,0* (landið 5,2) og mikilvægi heimavinnu í náminu 5,1* (landið 4,8). Eins og sést er Lindaskóli yfir landsmeðaltali í öllum þáttum.

Sterkar hliðar skólastarfsins að mati nemenda eru margar og snúa að öllum þremur flokkunum; Virkni nemenda í skólanum, Líðan og heilsu og Skóla- og bekkjaranda. Sem fyrr tökum við alvarlega þá niðurstöðu sem snýr að einelti þó svo að það mælist minna samanborið við landsmeðaltal. Vinna með jákvæð samskipti mun því halda áfram af fullum krafti í Lindaskóla.

5.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar 2017. Henni er skipt upp í sex hluta. Hér verður gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins að mati foreldra.

Nám og kennsla

Niðurstaða í þessum þætti var nokkuð góð, í eða fyrir ofan meðaltal landsins. Þar ber hæst ánægja foreldra með stjórnun Lindaskóla eða 95,2% (landið 90,5%). Eins fannst foreldrum vera hæfilegur agi í skólanum, 80,6% miðað við 77,6% á landinu.

Velferð nemenda

Þennan þátt tökum við alltaf alvarlega og gerum alltaf okkar allra besta í að aðstoða nemendur ef upp kemur vanlíðan, samskiptamál eða einelti. Þessi þáttur könnunarinnar kemur vel út að mati foreldra miðað við landið, þó svo að við viljum alltaf gera betur. Foreldrar eru ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda, 90,2% (landið 87,3%), líðan nemenda í skólanum að mati foreldra er nokkuð góð, 96,2% (landið 92,3%) og eins er líðan nemenda góð í kennslustundum að mati foreldra, betri en miðað við landið í heild. Umfang eineltis í Lindaskóla er minna að mati foreldra en á landinu eða 6,9% (landið 8,9%). Við komum ekki í veg fyrir einelti

en við getum lagt okkur fram við að vinna málin vel og fljótt. Foreldrar eru ánægðir með hraða á úrvinnslu skólans í eineltismálum eða 70,0% (landið 56,9%) og 86,0% foreldra eru ánægðir með eineltisáætlun Lindaskóla (landið 79,4%). Líðan nemenda í frímínútum er góð eða mjög góð að mati foreldra, 89,4% (landið 90,8%).
Sem fyrr tökum við alvarlega þá niðurstöðu sem snýr að einelti þó svo að það mælist minna samanborið við landsmeðaltal. Vinna með jákvæð samskipti mun því halda áfram af fullum krafti í Lindaskóla.

Aðstaða og þjónusta

Foreldrar eru almennt ánægðir með aðstöðu skólans eða 5,7 (landið 5,3). Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneytinu er 88,2% (landið 69,0%) og munar þarna verulega miklu og er gott að sjá þessa almennu ánægju með skólamötuneytið. Eins eru fleiri nemendur skráðir í mat í Lindaskóla en að meðaltali á landinu eða 90,4% (landið 86,1%).

Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili í Lindaskóla/Kópavogsbæ er rétt undir landsmeðaltali eða 4,7 en landsmeðaltalið er 4,8. Hér er verið að spyrja um þá þjónustu sem skólinn eða sveitarfélagið veitir börnum utan hefðbundins kennslutíma (t.d. tómstundaþjónustu, frístundaheimili, dægradvöl). Hins vegar er ljóst að sumir foreldrar héldu að eingöngu væri verið að spyrja um dægradvöl á meðan aðrir höfðu einnig í huga félagsmiðstöðina og aðra tómstundaþjónustu sem sveitarfélagið býður upp á. Því þarf rannsóknarfyrirtækið sem býr til spurningar Skólapúlsins að laga þessa spurningu og hefur þeirri ábendingu verið komið á framfæri við fyrirtækið.
Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili er 33,7%* (landið 44,1). Hér er einnig óljóst hvað nákvæmlega er verið að spyrja um eins og í spurningunni á undan og því erfitt að túlka niðurstöðuna. Þegar niðurstaðan er skoðuð hjá forráðamönnum nemenda í 1.-4. bekk þar sem dægradvöl er í boði er niðurstaðan betri en landsmeðaltalið, Lindaskóli 69,4% en landsmeðaltal 63,9%. Sjálfsmatsteymi Lindaskóla telur ekki ástæðu til að bregðast við þessari spurningu þar sem ekki er ljóst hvað nákvæmlega er verið að spyrja um.

Foreldrasamstarf

Þessir matsþættir komu flestir ágætlega út. Foreldrar vilja meira frumkvæði af foreldrasamstarfi í Lindaskóla 4,6 (landið 5,0) og er Lindaskóli marktækt undir landmeðaltali varðandi þann þátt. Eins var ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal fyrir neðan landsmeðaltal eða 92% (landið 94%). Foreldrar voru ánægðir með að tillögur og ábendingar frá þeim væru teknar til greina eða 65,5% (landið 60,4%). Aðrir þættir voru svipaðir og landsmeðaltalið.

Heimastuðningur

Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu er 4,1 í Lindaskóla (landið 4,4). Það er hæfilegt heimanám að mati 78,8% foreldra (landið 71,5%). Foreldrar í Lindaskóla nota minni tíma í að aðstoða nemendur við heimanám en almennt gerist á landinu eða 50% (landið 55,5%). Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns eru miklar eða 85,1% (landið 77,4%).

6. Niðurstöður úr öðrum könnunum

Auk kannanna Skólapúlsins voru lagðar fyrir kannanir um haustfundi og teymiskennslu Lindaskóla.

6.1 Haustfundir

Haustfundir fyrir forráðamenn Lindaskóla eru haldnir í september ár hvert. Fundirnir eru með misjöfnu sniði eftir árgöngum og jafnframt á mismunandi tímum. Í 1. bekk er tveggja og hálfs klst. námskeið fyrir forráðamenn seinni part dags. Í 2.-6. bekk eru morgunfundir þar sem tímanum er skipt til helminga, annars vegar þar sem forráðamenn og nemendur eru saman og hins vegar þar sem umsjónarkennarar hitta eingöngu forráðamenn. Í 7.-10. bekk eru síðdegis- eða kvöldfundir sem eru eingöngu fyrir forráðamenn. Þetta var í fyrsta skipti sem var gerð könnun um viðhorf foreldra til fundanna. Það er mjög mikilvægt að heyra skoðun þeirra á fyrirkomulagi fundanna til að sjá hvað þeir eru ánægðir með og eins hvað þarf að bæta.

Almennt voru forráðamenn mjög ánægðir eða frekar ánægðir með haustfundi skólans eða 97,8% þeirra sem svöruðu.
Forráðamenn voru mjög sammála eða frekar sammála að tímasetningar fundanna hafi verið góðar eða 91% svarenda, 87% forráðamanna voru mjög sammála eða frekar sammála um að tímalengd fundanna hafi verið góð og 97,4% forráðamanna voru mjög sammála eða frekar sammála að þeir hafi verið ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fengu á fundunum. Heildarniðurstöður könnunarinnar má sjá í fylgiskjölum (Fylgiskjal 3, bls. 35).
Samkvæmt þessum niðurstöðum eru forráðamenn almennt ánægðir með haustfundi skólans og því engin ástæða til stórra breytinga.

6.2 Teymiskennsla

Teymiskennsla hófst í Lindaskóla haustið 2013. Í teymiskennslu er heill árgangur saman í bekk með tvo til þrjá umsjónarkennara. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda sinna, kennslu og daglegum samskiptum. Vorið 2017 höfðu nemendur í 1. – 4. bekk verið alla sína skólagöngu í teymiskennslu en 5. bekkur eitt skólaár. Haustið 2017 er teymiskennsla í 1.-6. bekk.

Eftir fjögurra ára reynslutímabil teymiskennslunnar í skólanum var tímabært að meta með markvissum hætti hvernig til hafði tekist og fá fram viðhorf kennara og foreldra til þessa kennslufyrirkomulags.

Í maí 2017 var rafræn könnun um teymiskennsluna í Lindaskóla lögð fyrir umsjónarkennara teymiskennslubekkja og forráðamenn nemenda sem eiga börn í teymiskennslubekkjum. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu að kennarar eru mjög ánægðir með þetta kennslufyrirkomulag og meirihluti foreldra einnig.
Um 77% foreldra voru mjög sammála eða frekar sammála því að það væru fleiri kostir við teymiskennslu en ókostir. Um 88% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að það sé gott að barnið þeirra tengist stærri og fjölbreyttari félagahópi, 76% þeirra eru mjög sammála eða frekar sammála að teymiskennsla mæti vel námslegum þörfum nemenda, 75% foreldra eru hlynntir teymiskennslu og sama hlutfall foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála því að hafa teymiskennslu

áfram í árgangi barns síns. Skiptar skoðanir eru meðal foreldra í hvaða árgöngum teymiskennslan eigi að vera. Um 11,5% foreldra telja að hún eigi að vera í 1.-2. bekk, 23,5% að hún eigi að vera í 1.-4. bekk, 20,6% í 1.-7. bekk og 26% að hún eigi að vera upp í 10. bekk (Fylgiskjal 4, bls. 43).

Kennarar eru mjög ánægðir með teymiskennsluna. Allir (100%) eru mjög sammála eða frekar sammála því að fleiri kostir séu við teymiskennslu en ókostir, einnig að gott sé fyrir nemendur að tengjast stærri og fjölbreyttari félagahópi (100%) og að teymiskennsla mæti vel námslegum þörfum nemenda (100%). Allir (100%) eru þeir hlynntir teymiskennslu og vilja að hún haldi áfram í skólanum. Flestir kennaranna vilja hafa teymiskennslu í 1. – 7. bekk eða tæp 55% en aðeins 9% vilja hafa hana upp í 10. bekk (Fylgiskjal 5, bls. 55).

Tvær opnar spurningar voru í foreldra- og kennarakönnuninni; *Hverja telur þú helstu kosti við teymiskennslu?* og *Hverja telur þú helstu ókosti við teymiskennslu?* Mjög mörg góð og ítarleg svör komu fram varðandi kosti og ókosti teymiskennslunnar og er hægt að lesa mörg þeirra í fylgiskjölum. Svörin hjálpa kennurum að þróa teymiskennsluna á jákvæðan hátt og bæta ákveðna þætti.

7. Umbótaáætlun

Þegar niðurstöður úr nemenda- og foreldrakönnun Skólapúlsins skólaárið 2016-17 lágu fyrir síðastliðið vor ákvað sjálfsmatsteymið hvaða þætti skyldi taka fyrir í umbótaáætlun. Teymið setti sér þá meginreglu að ef niðurstöður skólans í ákveðnum þáttum væru undir landsmeðaltali skyldi taka þá fyrir í umbótaáætlun. Í mikilvægum þáttum sem tengdust velferð nemenda og starfsfólks eins og einelti eða áreitni voru viðmiðin hærri og skoðuð sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig.

Unnið var að tillögum að umbótum á kaffihúsafundum í júní 2017. Fundirnir voru tvískiptir að þessu sinni, annars vegar vinnufundur með kennurum og hins vegar með öðru starfsfólki. Þar var starfsmönnum skipt upp í vinnuhópa og fengu þeir ákveðna

þætti til umfjöllunar og settu fram hugmyndir um hvernig hægt væri að bæta þessa þætti.

Eftirfarandi þættir voru teknir fyrir á vinnufundum starfsfólks:

1. Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti
2. Nám og kennsla
3. Foreldrasamstarf
4. Dægradvöl

Á vinnufundi með öðru starfsfólki en kennurum voru teknir fyrir þættirnir foreldrasamstarf og dægradvöl.

Sjálfsmatsteymi skólans tók svo hugmyndir starfsmanna saman, vann úr þeim og setti inn í umbótaáætlun skólans (Fylgiskjal 6, bls. 65). Með þessu fyrirkomulagi eiga allir starfsmenn hlutdeild í umbótaáætluninni enda eru það þeir sem þurfa að fylgja henni eftir.

Vinna sjálfsmatsteymisins er kynnt í skólaráði þar sem fulltrúar foreldra, nemenda, starfsmanna og grenndarsamfélagsins sitja ásamt skólastjóra. Skólaráði gefst þar með tækifæri á að koma með athugasemdir eða ábendingar til sjálfsmatsteymisins.
Hér verður gerð grein fyrir þeim umbótum sem unnið verður að skólaárið 2017-18. Bókstafirnir í töflunum hér fyrir neðan og í umbótaáætluninni vísa til þeirra kannana sem við á, þ.e. starfsmanna eða nemenda (S = starfsmannakönnun og N = nemendakönnun). Númerin fyrir aftan bókstafina vísa til númers spurninga.

7.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti

Markmið Lindaskóla er að öllum nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum og styðji hvert annað í dagsins önn. Þá er mikilvægt að sýna samábyrgð til að ná sem bestum árangri. Áreitni og einelti er ekki liðið í Lindaskóla og mikilvægt að vinna eftir eineltisáætlun skólans þegar slík mál koma upp.

Tafla 1 – Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
Einelti (N2.5) 5,2 (landið 5,1). Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) Mér fannst að einhver væri að baktala mig, (2) Ég var beitt/-ur ofbeldi, (3) Ég var skilin(n) útundan, (4) Einhver sagði eitthvað særandi við mig, (5) Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig og (6) Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.	Allir starfsmenn vinni eftir eineltisáætlun skólans. Einelti þarf að vera í stöðugri skoðun og eftirfylgni.
	Fræðsla til nemenda um alvarleika alls eineltis, ekki síst neteineltis á tímum örra tæknibreytinga og með tilkomu spjaldtölva.
Tíðni eineltis (N2.6) 8,2 % nemenda, 20 nemendur (landið 11,7%) sögðust hafa orðið fyrir einelti í skólanum 1 sinni eða oftar á síðustu 30 dögum. 5,3% (13 nemendur) einu sinni og 2,4% (6 nemendur) 2-3 sinnum.	Kennarar skrái hjá sér samskiptamál sem upp koma og aðgerðir.
	Koma upp útileikfangakassa í hverja bekkjarstofu með boltum, snúsnúböndum og sippuböndum sem hvetja til hópleikja. Merkja leikföngin bekkjum sem svo bera ábyrgð á þeim.
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (F2.5) 89,4% foreldra telja að barninu sínu líði vel eða mjög vel í frímínútum (landið 90,8)	Skólalóðinni er nú skipt upp í þrjú gæslusvæði. Ef það vantar starfsfólk á eitthvað svæðið vegna forfalla er mikilvægt að starfsfólk færi sig til á milli svæða. Samábyrgð allra að fylgjast vel með öllum nemendum skólans.
	Halda áfram með skólavinaverkefnið í 1. og 6. bekk. Það gengur m.a. út á að nemendur í 6. bekk aðstoða yngri nemendur í útivist. Samábyrgð og samhjálp.

Eins og sést í töflu 1 segjast tuttugu nemendur (8,2%) hafa orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni eða oftar á síðustu 30 dögum. Þetta er mjög alvarlegt og skólasamfélagið allt verður að hjálpast að við að bæta stöðuna. Á landinu öllu segjast 11,7% nemenda hafa orðið fyrir einelti einu sinni eða oftar á síðustu 30 dögum.
Þrátt fyrir að 89,4% foreldra telji að börnunum sínum líði vel eða mjög vel í frímínútum var ákveðið að setja þennan þátt í umbótaáætlunina til að styrkja líðanina enn frekar.

7.2 Nám og kennsla

Markmið Lindaskóla er að veita nemendum nám og kennslu við hæfi og að nemendur skólans standi sig vel í samanburði við aðra nemendur á landinu.

Tafla 2 – Nám og kennsla

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
Ánægja af lestri (N1.1) 4,7 (landið 4,8) Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) Ég les bara þegar ég verð að gera það, (2) Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum, (3) Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra, (4) Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf, (5) Lestur er tímasóun fyrir mig og (6) Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.	Fylgja lestrarstefnu skólans.
	Yndislestur í skólanum – nemendur lesi sér til ánægju.
	Kennarar lesi fyrir nemendur í nestistímum.
	Þátttaka í upplestrarkeppnum.
	Kynningar frá rithöfundum.
Vilji nemenda að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (F5.3) **4,1*** (landið 4,4) Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) … fylgjast með heimanámi sínu, (2) …. Mæta á viðburð í skólanum og (3) …tala við kennarann sinn. Marktækur munur (-0,3*), þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.	Stjórnendur hitti stjórn foreldrafélagsins til að rýna í niðurstöðurnar.
	Umsjónarkennarar hvetji nemendur til að leita til foreldra varðandi heimanám.
	Hvetja foreldra til þátttöku í námi barna sinna.

Nemendur í Lindaskóla eru rétt fyrir neðan landsmeðaltal er varðar ánægju af lestri og er markmið skólans að efla lestraráhuga nemenda enn frekar. Hins vegar er vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra sinna í náminu marktækt undir landsmeðaltali. Mikilvægt er að ígrunda þær niðurstöður vel, leita skýringa og bregðast við eftir þörfum. Umræðufundur stjórnenda með stjórn foreldrafélagsins verður liður í þeirri athugun.

7.3 Foreldrasamstarf

Gott samstarf heimilis og skóla er mjög mikilvægt fyrir skólastarfið. Frumkvæði að slíku samstarfi þarf að koma frá kennurum og skólastjórnendum en ekki síður frá foreldrum.

Tafla 3 - Foreldrasamstarf

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi (F4.1) **4,6*** í Lindaskóla (landið 5,0) Marktækur munur (-0,4*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.	Kennarar upplýsi foreldra reglulega um það sem er að gerast í skólanum.
	Foreldraheimsóknir. Bjóða foreldrum t.d. á kynningar hjá nemendum eða í heimsókn í kennslustundi. Sniðið að aldri nemenda.
	Umsjónarkennarar/kennarar hvetji foreldra reglulega að fylgjast með heimanámi barna sinna.
	Stjórnendur hitti stjórn foreldrafélagsins til að rýna í niðurstöðurnar.

Eins og sést í töflu 3 telja foreldrar að frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi megi vera meira. Þar er Lindaskóli marktækt undir landsmeðaltali og því er mikilvægt að skoða þær niðurstöður betur. Sú umræða verður tekin á fundi með foreldrum.

7.4 Tómstundaþjónusta / frístundaheimili

Spurning Skólapúlsins um tómstundaþjónustu/frístundaheimili er óskýr og ekki ljóst hvort hún eigi eingöngu við dægradvöl eða einnig um félagsmiðstöðina og aðra tómstundaþjónustu sveitarfélagsins. Hér er gengið út frá því að forráðamenn hafi flestir verið að svara fyrir dægradvöl Lindaskóla, Demantabæ. Ánægja með starfið er rétt fyrir neðan landsmeðaltal og því er ástæða til að efla starfið enn frekar.

Tafla 4 - Dægradvöl

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
Ánægja með tómstundaþjónustu/frístundaheimili (F3.2) 4,7 (landið 4,8)	Hafa gott skipulag í dægradvöl fyrir börnin.
	Vera samstíga til að öllum líði vel og gera sitt besta miðað við aðstæður.
	Huga að aðstöðunni fyrir starfsemina, s.s. að þemaskipta svæðum, svampdýnur undir kaplakubba og sérstakt leikmiðað rými.
	Kennarar haldi tómstundanámskeið í dægradvölinni.

Lokaorð

Markmið með sjálfsmati skóla er að draga fram styrkleika og veikleika skólastarfsins og setja fram áætlun um umbætur til að efla starfið enn frekar.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir þeirri umbótavinnu sem fór fram skólaárið 2016-17, sagt frá niðurstöðum á mati nemenda og foreldra á starfi skólans skólaárið 2016-17 og sagt frá þeirri umbótavinnu sem fer fram skólaárið 2017-2018.

Mat nemenda á starfi skólans síðastliðinn vetur kom mjög vel út í öllum þáttum og náðum við þeim viðmiðum sem skólinn setti sér. Því var ekki þörf á að setja neina þætti úr nemendakönnuninni inn í umbótaáætlunina. Hins vegar setjum við alltaf inn vinnu sem snýr að einelti. Foreldrakönnunin kom einnig ágætlega út en í nokkrum þáttum var skólinn undir landsmeðaltali og því ástæða til að bregðast við með umbótum.

Styrkleikar skólastarfsins að mati nemenda snúa að öllum þremur þáttunum sem voru metnir, þ.e. virkni þeirra í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda.

Helstu styrkleikar skólastarfsins að mati nemenda og eru marktækt yfir landsmeðaltali eru:

- Þrautsegja í námi
- Áhugi á stærðfræði
- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Trú á eigin námsgetu
- Hollt mataræði
- Samband nemenda við kennara
- Agi í tímum
- Virk þátttaka nemenda í tímum
- Mikilvægi heimavinnu í náminu

Styrkleikar starfsins að mati foreldra og eru marktækt yfir landsmeðaltali eru eftirfarandi:

- Meðaltímabil eineltis
- Aðstaða skólans
- Ánægja með máltíðir í mötuneyti

Auk þess komu eftirfarandi þættir vel út að mati foreldra, 80% eða fleiri eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með þá:

- Ánægja með stjórnun skólans
- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra
- Hæfilegur agi
- Hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Líðan nemenda í skólanum og í kennslustundum
- Líðan nemenda í frímínútum
- Umfang einelti
- Úrvinnsla skólans í eineltismálum
- Eineltisáætlun skólans
- Fjöldi nemenda í mataráskrift
- Notkun á mötuneyti
- Ánægja með síðasta foreldraviðtal
- Haustfundir skólans

Könnun um teymiskennslu skólans kom vel út og er meirihluti foreldra hlynntur því kennslufyrirkomulagi eða um 75% þeirra. Allir teymiskennslukennarar eru hlynntir teymiskennslu og telja fleiri kosti við hana en ókosti.

Að mati nemenda koma ekki fram veikleikar á skólastarfinu þegar horft er til þeirra viðmiða sem við vinnum eftir. Hins vegar er aldrei hægt að sætta sig við einelti þó svo að skólinn komi betur út en landsmeðaltal. Því er mikilvægt að vinna að jákvæðum samskiptum árlega og er sú vinna sett inn í umbótaáætlun skólans.

Helsti veikleiki skólastarfsins að mati foreldra og er marktækt undir landsmeðaltali er:

- Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi

Einn þáttur sem snýr að foreldrum og nemendum er marktækt lægri en landsmeðaltal:

- Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í heimanámi

Styrkleikar Lindaskóla eru margir að mati nemenda og foreldra. Þrátt fyrir það er mikilvægt að gera enn betur á sumum sviðum og sérstaklega þar sem skólinn mælist fyrir neðan landsmeðaltal. Skólaárið 2017-18 mun skólasamfélagið vinna að umbótum samkvæmt umbótaáætlun skólans og vinna að því að gera gott skólastarf enn betra.

Lindaskóli, 15. janúar 2018

Hilmar Björgvinsson aðstoðarskólastjóri
Auðbjörg Njálsdóttir, umsjónarkennari
Ragnheiður Líney Pálsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari
Þórhalla Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2016-2017. Helstu niðurstöður

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	245	4,9	16.182	-0,1
1.2. Þrautseigja í námi	5,7	245	5,1	15.930	**0,6***
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,6	245	5,2	16.178	**0,4***
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,8	242	5,0	16.140	**0,8***
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,5	245	5,1	15.915	**0,4***
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,4	245	5,0	16.103	**0,4***

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	5,2	244	5,0	15.877	0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,9	244	4,9	15.886	0,0

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.3. Vellíðan	5,1	245	4,9	16.105	0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	58	-	-	-
2.5. Einelti	5,2	245	5,2	16.113	0,0
2.6. Tíðni eineltis	8,2%	20/245	11,6%	1839/16084	-3,4%
2.7. Staðir eineltis	-	18	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	32,8%	77/235	41,7%	6281/15618	**-8,9%***
2.9. Hollt mataræði	5,2	244	4,8	15.858	**0,4***

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,2	242	5,1	15.832	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,8	245	5,1	16.074	**0,7***
3.3. Agi í tímum	5,6	244	5,1	16.079	**0,5***

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	6,0	245	5,2	16.066	**0,8***
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,1	245	4,8	14.952	**0,3***

4. Opin svör

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Vinsamlega lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann.	-	219	-	-	-
4.2. Vinsamlega lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í skólanum þínum	-	217	-	-	-

Fylgiskjal 2. Foreldrakönnun 2016-2017. Helstu niðurstöður

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,3	105	5,1	4.545	0,2
1.2. Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,1	104	5,1	4.478	0,0
1.3. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	95,2%	99/104	90,5%	3993/4397	4,7%
1.4. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	83,7%	87/104	84,0%	3782/4480	-0,3%
1.5. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	80,6%	83/103	77,6%	3474/4458	3,0%

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,7	96	4,7	4.373	0,0
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	90,2%	92/102	87,3%	3891/4410	2,9%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	96,2%	100/104	92,3%	4177/4527	3,9%

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,2%	97/103	91,6%	4139/4514	2,6%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	89,4%	93/104	90,8%	4091/4505	-1,4%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	6,9%	7/102	8,9%	404/4479	-2,0%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	80,0%	8/10	60,7%	440/736	19,3%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	70,0%	7/10	56,9%	399/706	13,1%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	86,0%	49/57	79,4%	2213/2745	6,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	0,7	9	1,3	740	**-0,6***
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	9	-	-	-

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,7	102	5,3	4.465	**0,4***
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili	4,7	34	4,8	1.970	-0,1

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	33,7%	34/101	44,1%	2016/4490	**-10,4%+**
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	67	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	88,2%	82/93	69,0%	2822/3897	**19,2%***
3.6. Notkun á mötuneyti	90,4%	94/104	86,1%	3945/4508	4,3%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0/10	2,5%	21/555	-2,5%

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,6	99	5,0	4.416	**-0,4***
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	56,3%	49/87	56,7%	2443/4215	-0,4%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	65,5%	55/84	60,4%	2428/3969	5,1%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	71	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	64	-	-	-

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	92,0%	92/100	94,0%	4149/4407	-2,0%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	100	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	54,7%	52/95	53,5%	2289/4280	1,2%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	84,4%	76/90	84,2%	3410/4066	0,2%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	83,8%	83/99	82,4%	3616/4406	1,4%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	71,2%	74/104	72,2%	3299/4526	-1,0%

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,8	100	5,0	4.415	-0,2
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,7	100	4,8	4.401	-0,1
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,1	99	4,4	4.329	**-0,3***
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	78,8%	78/99	71,5%	3132/4350	7,3%

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	50,0%	50/100	55,5%	2405/4356	-5,5%
5.6. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	85,1%	80/94	77,4%	3060/4068	**7,7%***

Fylgiskjal 3. Könnun um haustfundi Lindaskóla





Q3 Tímasetning fundarins var góð (morgunfundur/síðdegisfundur/kvöldfundur)

Answered: 232 Skipped: 2



Q4 Tímalengd haustfundarins var góð

Answered: 233 Skipped: 1



Q5 Ég var ánægð(ur) með þær upplýsingar sem ég fékk á haustfundinum

Answered: 231 Skipped: 3



Q6 Það er gott að hafa allan árganginn saman á haustfundi

Answered: 231 Skipped: 3



Q7 Skipulag haustfundarins með nemendum og foreldrum var gott

Answered: 226 Skipped: 8



Fylgiskjal 4. Könnun um teymiskennslu í Lindaskóla – Foreldrar

Q1 Barni mitt er í

Answered: 168 Skipped: 0



Q2 Ég tel fleiri kosti vera við teymiskennslu en ókosti

Answered: 165 Skipped: 3



Q3 Ég tel gott að barnið mitt geti leitað til fleiri en eins umsjónarkennara

Answered: 167 Skipped: 1



Q4 Ég tel gott að barnið mitt tengist stærri og fjölbreyttari félagahópi með vinskap í huga

Answered: 168 Skipped: 0



Q5 Mér finnst gott að geta valið við hvaða umsjónarkennara ég tala þegar ég þarf á því að halda

Answered: 168 Skipped: 0



Q6 Teymiskennsla mætir vel námslegum þörfum nemenda

Answered: 166 Skipped: 2



Q7 Hverja telur þú helstu kosti við teymiskennslu?

- Betra skipulag.
- Auðvelt að skipta hópum án mikillar fyrirhafnar.
- Gott að blanda árganginum.
- Kennarar geta dreift álagi vegna einstakra nemenda.
- Að kennarar geti talað saman um nemendurna og aðstoðað hvern annan varðandi kennslu og aðferðir.
- Kostirnir eru þeir sömu og ókostirnir. Gott að hafa fleiri kennara til að leita til en jafnframt verða tengslin við kennarann ekki eins góð.
- Skemmtilegra fyrir kennarana.
- Góð samvinna kennara, samþætting náms o.fl.
- Kennarar hafa stuðning af hverjum öðrum.
- Aðallega að styrkja tengsl á milli nemenda fyrstu skólaárin.
- Hentar kennaranum vel þar sem sami kennarinn kennir öllum sömu námsgrein. Hann getur þá einbeitt sér betur að því sem hann kennir og þarf þá ekki að vera kenna öll fög.
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir og nálganir frá mismunandi kennurum.
- Krakkar sjá mismunandi leiðir til að nálgast hluti.
- Kennarar minna einir í heiminum.
- Byggir á mismunandi styrkleikum kennara.
- Styttri lotur, meiri hreyfing.
- Fleiri möguleikar fyrir börnin að mynda vinatengsl.
- Teymiskennsla getur stuðlað að meiri samstöðu innan barnahópsins.
- Ef barn finnur ekki góð tengsl eða traust í garð eins kennara er kostur að hafa aðgang að öðrum.
- Fjölbreytileiki við kennslu og nám.
- Meiri vídd, umhverfislega og námslega.
- Að fleiri en einn kennari hafi umsjón með barninu og viti allt um það.
- Krakkarnir kynnast strax stærri hópi.
- Öryggi fyrir nemendur ef annar umsjónakennarinn er veikur eða í leyfi að það séu fleiri kennarar sem koma að kennslunni og þar með minni áhrif ef það verða forföll hjá kennara.
- Kennarar hafa kost á stuðningi samstarfsaðila sem skilar sér í betri kennslu.
- Barnið venst fjölbreytileika og þjálfar aðlögunarhæfni, fær frekar verkefni við hæfi og eykur félagsfærni.
- Barnið kynnist öllum börnum í árganginum og getur því frekar valið sér félaga við hæfi.
- Félagslegi þátturinn, að vera ekki niðurnjörvaður við ákveðinn hóp sem fylgir þér í 10 ár.
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir.
- Hægt að vinna með hópa í mismunandi getu og mismunandi verkefnum á sama tíma.
- Einstaklingsmiðað nám.
- Hægt er að bregðast við ólíkum þörfum nemenda með betri og fjölbreyttari hætti.
- Fyrr tekið á málum en ella, s.s. greiningum og félagslegum vandræðum.

Q8 Hverja telur þú helstu ókosti við teymiskennslu?

- Kennarar kynnast börnum ekki vel.
- Minni einstaklingsmiðuð kennsla.
- Miklar hópaskiptingar.
- Hentar illa nemendum sem þurfa mikinn ramma og festu.
- Getur verið truflandi eða skapað óvissu.
- Erfiðara að ná utan um hópinn.
- Óskýrt ábyrgðarsvið kennara.
- Ekki gott að hafa marga umsjónarkennara.
- Afmæli.
- Allt of margir nemendur og of margir kennarar.
- Vantar nálægð og sterku heildina sem 15-20 manna bekkir ná að mynda með sér.
- Teymiskennsla hentar alls ekki fyrir öll börn og á minn sonur erfitt með að vera í stórum hópi og tengist því síður.
- Vantar meiri festu og öryggi fyrir nemandann.
- Ópersónulegra og erfiðara fyrir foreldra að fylgjast með.
- Finnst kennararnir ekki þekkja barnið mitt eins vel og væri eflaust í bekkjarkennslu.
- Endalaust verið að skipta um hópa og kennara sem veldur róti, hentar ekki öllum. Krakkarnir þurfa að finna sig í nýjum hópi mánaðarlega og fer orka og einbeiting í það. Hentar ekki öllum. Ruglingslegt hjá hverjum á að skrá í foreldraviðtal og ræða við.
- Foreldrar missa tenginguna við kennara og foreldra annarra nema þar sem hópurinn er orðinn svo stór og við erum ekki viss við hvaða kennara við eigum að tala.
- Hætta á að börn sem ekki hafa sig í frammi gleymist eða sé minna sinnt.
- Margskonar hópar, fuglahópar, litahópar og örugglega fleiri hópar. Krakkarnir alltaf með sitthvorum vinunum.
- Ekki eins góð tengsl við foreldra bekkjarfélaga.
- Misvísandi skilaboð umsjónarkennara, vantar upp á ábyrgð kennara að ná fram hæfni nemenda og fleira í þeim dúr.
- Of margir í bekk, meiri ágreiningur.
- Of mikið rót, meiri ruglingur ef skipulagið er ekki gott, góð samvinna milli kennara þarf að vera til staðar annars virkar teymiskennslan ekki.
- Minni athygli, eftirfylgni og stuðningur við nemendur en í hefðbundnu bekkjarkerfi. Sakna vikupósta frá kennara og finnst erfitt að ákveða hvorn kennarann ég eigi að hafa samand við hvenær.

Q9 Ég er hlynntur teymiskennslu

Answered: 166 Skipped: 2



Q10 Ég mæli með því að hafa teymiskennslu áfram í árgangi barnsins míns

Answered: 166 Skipped: 2



Q11 Ég mæli með því að hafa teymiskennslu í eftirfarandi árgöngum

Answered: 165 Skipped: 3



Q12 Annað sem þú vilt að komi fram?

- Hef ekki kynnt mér teymiskennslu nógu vel en barnið mitt er ánægt í skólanum.
- Finnst að það þurfi að vera mun meira utanumhald með nemendum. Held að teymiskennsla geti verið afar góð sé rétt að henni staðið.
- Draumastaðan væri auðvitað sú að það væru fleiri bekkir og hámark 15 börn í bekk. Á meðan það er ekki í boði erum við þokkalega sátt við teymiskennsluna en óskum eftir að barnið okkar fái líka að upplifa sig í minni einingu.
- Finnst mikilvægt að fá vikulega pósta heim frá kennara. Góð tenging skóla og heimila.
- Ég get ekki séð að þetta sé verra fyrirkomulag heldur en hið hefðbundna bekkjarkerfi sem ég hef mikla reynslu af.
- Frábært að gefa okkur tækifæri til þess að segja okkur skoðanir á þessu fyrirkomulagi. Flott könnun.
- Þótt við séum á móti teymiskennslunni þá viljum að það komi fram að við erum rosalega ánægð með skólann og kennararnir er algjörlega frábærir.
- Það er mikilvægt að styðja vel við kennarana í því að fræða þá um bestu aðferðir í teymiskennslu. Góður árangur kennslunnar byggir ekki síst á því að kennarar tileinki sér kostina við að vinna í umhverfinu.
- Hef ekkert annað að segja en að ég er mjög ánægð með fyrirkomulagið eins og það er og myndi gjarnan vilja að það héldi áfram.
- Mjög mótfallinn teymiskennslu. Vil frekar bekkjarkerfið og það er ekkert því til fyrirstöðu að leyfa krökkunum að kynnast börnum í öðrum bekkjum árgangsins í leikfimi og lífsleikni og slíkt.
- Bekkjarafmæli hafa ekki gengið upp og strax farið að velja fáa útvalda til að bjóða í afmæli og aðrir verða útundan. Ekki góð samstaða meðal foreldra. Gott væri að fá að heyra frá kennurum hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara.

Fylgiskjal 5. Könnun um teymiskennslu í Lindaskóla – Kennarar











Q6 Hverja telur þú helstu kosti við teymiskennslu?

- Minnkar klárlega álag á kennurum, auðvitað er þetta mikil vinna í upphafi en algjörlega þess virði þegar líður á veturinn.
- Dreifum ábyrgðinni. Auðveldar foreldrasamskipti, hægt að færa nemendur til í hópum, sami nemandinn er ekki alltaf hjá sama kennara. Nemendur hafa fleiri kennara til að leita til. Góð samvinna teymiskennara, að vera samstíga. Fleiri hugmyndir verða innan teymis og því námið meira skapandi.
- Ef samstarfið er gott hjá kennurum veitir þetta mikla starfsgleði. Kennararnir geta alltaf leitað til kollega. Erfið mál dreifast á hópinn. Minna almennt vinnuálag ef gert er ráð fyrir nægum fundartíma fyrir kennara. Fjölbreytni. Meiri dýpt í fagið.
- Faglegri vinnubrögð, sameiginleg ábyrgð, samvinna kennara, félagsskapurinn.
- Minna álag á kennara, sameiginleg ábyrgð, nemendur styrkjast félagslega, auðveldara að þjónusta nemendur..... listinn er ótæmandi.
- Samábyrgð kennara varðandi nemendur. Samstarf. Sameiginleg samskipti við foreldra ef nemendur eru erfiðir. Miklu, miklu fleiri kostir en gallar.

Q7 Hverja telur þú helstu ókosti við teymiskennslu?

- Búin að velta þessu fyrir mér í vetur og á mjög erfitt með að setja hendur á hvað það er sem er ekki að ganga í þessu kerfi.
- Meira rót á nemendum. Þeir sem þurfa rólegheit og gott skipulag gætu átt erfitt. Meiri vinna fyrir kennara, þurfa að vera í samskiptum oft við fleiri foreldra.
- Vantar að gera ráð fyrir tíma eftir kennslu til að sinna teyminu.
- Miklu meira skipulag í kringum teymiskennslu en hefðbundna bekkjarkennslu. Allavega fyrst um sinn.
- Meiri vinna við undirbúning foreldraviðtala þar sem undirbúa þarf viðtöl fyrir alla.







Q11 Annað sem þú vilt að komi fram?

- Það mætti alveg skoða það að láta unglingadeildina vera líka með teymiskennslu, sérstaklega þar sem komandi árgangar þekkja ekkert annað. Einnig myndi ég aldrei vilja fara aftur í ,,einyrkjastarfið" í kennslu.
- Gott að stofna teymiskennsluteymi sem hefur yfirumsjón með teymiskennslunni og vinna sem ráðgjafar fyrir hina og nýja kennara.
- Mæli með þessu kerfi ef skipulagið er gott frá upphafi.
- Við kennararnir erum í samvinnu og vinnum saman að öllum málum.
- Sameiginlegt netfang er snilld.

Fylgiskjal 6: Umbótaáætlun Lindaskóla skólaárið 2017-2018

Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti

Markmið: Að öllum nemendum líði vel í Lindaskóla.

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Einelti (N2.5) 5,2 (landið 5,1). Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) Mér fannst að einhver væri að baktala mig, (2) Ég var beittur ofbeldi, (3) Ég var skilin(n) útundan, (4) Einhver sagði eitthvað særandi við mig, (5) Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig og (6) Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu. **Tíðni eineltis (N2.6)** 8,2 % nemenda, 20 nemendur (landið 11,7%) sögðust hafa orðið fyrir einelti í skólanum 1 sinni eða oftar á síðustu 30 dögum, 5,3% (13 nemendur) einu sinni og 2,4% (6 nemendur) 2-3 sinnum.	Allir starfsmenn vinni eftir eineltisáætlun skólans. Einelti þarf að vera í stöðugri skoðun og eftirfylgni.	Allt skólaárið.	Starfsmenn og forráðmenn / skólastjórnendur
	Fræðsla til nemenda um alvarleika alls eineltis, ekki síst neteineltis á tímum örra tæknibreytinga og með tilkomu spjaldtölva.	Allt skólaárið	Kennarar / skólastjórnendur
	Kennarar skrái hjá sér samskiptamál sem upp koma og aðgerðir.	Allt skólaárið	Kennarar og annað starfsfólk / skólastjórnendur

	Koma upp útileikfangakassa í hverja bekkjarstofu með boltum, snúsnúböndum og sippuböndum sem hvetja til hópleikja. Merkja leikföngin bekkjum sem svo bera ábyrgð á þeim.	Janúar 2018 og uppfæra síðan alltaf fyrir skólabyrjun á haustin	Ritari og húsvörður / skólastjórnendur
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (F2.5) 89,4% foreldra telja að barninu sínu líði vel eða mjög vel í frímínútum (landið 90,8)	Skólalóðinni er nú skipt upp í þrjú gæslusvæði. Ef það vantar starfsfólk á eitthvað svæðið vegna forfalla er mikilvægt að starfsfólk færi sig til á milli svæða. Samábyrgð allra að fylgjast vel með öllum nemendum skólans.	Allt skólaárið	Gæslustarfsfólk / skólastjórnendur
	Halda áfram með skólavinaverkefnið í 1. og 6. bekk. Það gengur m.a. út á það að nemendur í 6. bekk aðstoða yngri nemendur í útivist. Samábyrgð-samhjálp.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar í 1. og 6. bekk / skólastjórnendur

Nám og kennsla - heimanám

Markmið: Að veita nemendum nám og kennslu við hæfi og að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna.

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Ánægja af lestri (N1.1) 4,7 (landið 4,8) Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) Ég les bara þegar ég verð að gera það, (2) Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum, (3) Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra, (4) Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf, (5) Lestur er tímasóun fyrir mig og (6) Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafni.	Fylgja lestrarstefnu skólans.	Allt skólaárið	Kennarar og skólastjórnendur
	Yndislestur í skólanum – nemendur lesi sér til ánægju.		
	Kennarar lesi fyrir nemendur í nestistímum.		
	Þátttaka í upplestrarkeppnum.		
	Kynningar frá rithöfundum.		
Vilji nemenda að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (F5.3) **4,1*** (landið 4,4) Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) … fylgjast með heimanámi sínu, (2) …. Mæta á viðburð í skólanum og (3) …tala við kennarann sinn. Marktækur munur (-0,3*), þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.	Stjórnendur hitti stjórn foreldrafélagsins til að rýna í niðurstöðurnar.	Janúar – febrúar 2018	Skólastjórnendur
	Umsjónarkennarar hvetji nemendur til að leita til foreldra varðandi heimanám.	Allt skólaárið	Kennarar og skólastjórnendur / skólastjórnendur
	Hvetja foreldra til þátttöku í námi barna sinna.		

Foreldrasamstarf

Markmið: Öflugt samstarf heimila og skóla

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi (F4.1) **4,6*** í Lindaskóla (landið 5,0) Marktækur munur (-0,4*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.	Kennarar upplýsi foreldra reglulega um það sem er að gerast í skólanum.	Allt skólaárið	Stjórnendur og kennarar
	Foreldraheimsóknir. Bjóða foreldrum t.d. á kynningar hjá nemendum eða í heimsóknir í kennslustundir. Sniðið að aldri nemenda.		
	Umsjónarkennarar/kennarar hvetji reglulega foreldra að fylgjast með heimanámi barna sinna.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar / skólastjórnendur
	Stjórnendur hitti stjórn foreldrafélagsins til að rýna í niðurstöðurnar.	Janúar – febrúar 2018	Sjálfsmatsteymi / skólastjórnendur

Tómstundaþjónusta / frístundaheimili

Markmið: Að dægradvöl Lindaskóla sé eftirsótt og þar fari fram góð og ánægjuleg starfsemi

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Ánægja með tómstundaþjónustu/frístundaheimili (F3.2) 4,7 (landið 4,8)	Hafa gott skipulag í dægradvöl fyrir börnin.	Allt skólaárið	Starfsmenn dægradvalar / skólastjórnendur
	Vera samstíga til að öllum líði vel og gera sitt besta miðað við aðstæður.		
	Huga að aðstöðunni fyrir starfsemina, s.s. að þemaskipta svæðum, svampdýnur undir kaplakubba og sérstakt leikmiðað rými.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar / skólastjórnendur
	Kennarar með tómstundanámskeið í dægradvölinni.	Allt skólaárið	Skólastjórnendur